

## **Ræða formanns LÍÚ á aðalfundi 2012.**

### **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra – góðir útvegsmenn og gestir.**

Frá því að við höldum síðasta aðalfund fyrir ári síðan hefur rekstur flestra útgerða gengið vel. Aflabrögð hafa almennt verið góð og þrátt fyrir að blikur hafi verið á lofti á mörkuðum fyrir sjávarafurðir þá hefur verið gott.

Því miður hefur óvissa á ýmsum bolfiskmörkuðum aukist verulega að undanfögnu og við blasa erfiðari tímar.

Samkvæmt mati Hafrannsóknastofnunarinnar var viðmiðunarstofn þorsks ein milljón og sjötíu þúsund tonn um síðustu áramót og er stofninn nú metinn stærri en hann hefur verið undanfarna þrjá áratugi. Hrygningastofninn var metinn 419 þúsund tonn og þarf að fara tæpa fjóra áratugi aftur í tímann til að finna samjöfnuð.

Stofninn er í góðum vexti og samsetning hrygningarstofnsins er mun betri en var fyrir nokkrum árum þegar stærri fiskinn vantaði.

Þetta er mikið gleðiefni, enda er þorskurinn langverðmætasta fisktegundin okkar.

Staða annarra botnfisktegunda er misjöfn.

Samkvæmt mælingum Hafrannsóknastofnunarinnar hefur nýliðun ýsu verið slök fjögur ár í röð og stofninn minnkað mikið. Við fáum sérstaka umfjöllun um ýsuna á aðalfundinum.

Loðnan hefur verið í lægð á undanfögnu árum, norsk íslenska síldin er á hraðri niðurleið en íslenski síldarstofninn er á uppleið.

Við erum þannig stöðugt minnt á það hversu sjávarútvegurinn er háður sveiflum í náttúrunni.

Glíman við náttúruna og baráttan á erlendum mörkuðum hefur verið hluti af rekstri sjávarútvegsins svo lengi sem elstu menn muna. Þar hafa skipst á skin og skúrir sem hafa ráðið efnahagslegri afkomu íslensku þjóðarinnar.

Þrátt fyrir að okkur hafi á seinni árum blessunarlega tekist að skjóta fleiri stoðum undir efnahagslífið þá mun sjávarútvegurinn áfram ráða miklu um efnahagsleg örlög okkar.

Þau örlög höfum við Íslendingar að hluta til í okkar eigin höndum og það mun skipta sköpum hvernig við spilum úr því sem við ráðum sjálf.

### **Góðir fundarmenn.**

Á undanförunum árum hefur makrillinn gengið í miklum mæli í íslensku lögsöguna og í sumar mældust hér ein milljón og fimmhundruð þúsund tonn. Mikilvægt er að efla rannsóknir á áhrifum makrilsins á lífríkið og þá sérstaklega á grunnslóðinni.

Aðdáunarvert er hversu hratt íslenskur sjávarútvegur hefur náð góðum tókum á veiðum og vinnslu makrilsins með tilheyrandi verðmætaaukningu.

Á síðasta ári var makrillinn sú fisktegund sem skilaði okkur næst mestum verðmætum einstakra fisktegunda.

Enn hefur ekki tekist að semja um skiptingu makrilstofnsins og hlutdeild Íslands í veiðunum.

Makrílmálið er lýsandi dæmi um það hversu mikilvægur fullveldisréttur okkar er. Ef við værum aðilar að Evrópusambandinu er ljóst að staða okkar væri veik.

Íslensk stjórnvöld hafa staðið fast á rétti okkar sem strandríkis og ég hvet þau til að gera það áfram, þrátt fyrir aðildarumsóknina.

Það er umhugsunarvert af hverju íslensk stjórnvöld hafa ekki enn mótað samningsafstöðu Íslands í sjávarútvegsmálum og hafið samningaviðræður um þetta mikilvæga mál. Ég minni á að nú eru meira en þrjú ár liðin frá því að sótt var um aðild að sambandinu.

Þrátt fyrir að því hafi verið haldið fram að makrílmálið hafi ekki áhrif á aðildarviðræður Íslands og ESB er ég ekki í vafa um að svo sé.

### **Ágætu fundarmenn.**

Undanfarin þrjú ár hefur allt of mikið af kröftum okkar sem störfum í sjávarútvegi farið í varnarbaráttu sem komin er til af mannavöldum. Við höfum

glímt við hverja atlögu stjórnarflokkanna á fætur annarri. Það sem hefur verið einkennandi fyrir þær allar, er að settar hafa verið fram hugmyndir og síðan lagafrumvörp án þess að afleiðingarnar væru metnar.

Það hefur síðan verið hlutverk okkar og fjölda annarra að sýna fram á skaðsemi hugmyndanna.

Með gögnum og rökum hefur verið reynt að sannfæra þá sem fara með hið pólitíska vald.

Það hefur því miður vægast sagt gengið illa.

Þegar þeir sem með valdið fara nálgst verkefnið eins og að guðleg forsjón hafi falið þeim að leiða þjóðina í heilögu stríði vandast málið.

„Orustan um auðlindirnar“, „almannahagsmunir gegn sérhagsmunum“, „þjóðin fái arð af þessari auðlind sinni“, „enginn eigi réttmæta kröfu til arðs af auðlindinni nema þjóðin“ er meðal kunnuglegra orðaleppa.

Þegar umbúðunum hefur verið flett af orðskrúðinu blasir innihaldið við – einfaldlega ríkisvæðing sjávarútvegsins.

Í þeirri atlögu sem gerð var í vor, var um áherslubreytingu að ræða. Í stað aðaláherslu á að ríkisvæða atvinnugreinina með upptöku aflaheimilda fyrirtækjanna lagði ríkisstjórnin nú fram sérstakt frumvarp um veiðigjöld samhliða frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða.

Með því var forgangsröðinni breytt nú skyldi ríkisvæða hratt með ofurskattlagningu í formi margföldunar veiðigjalda.

Í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða voru áfram tillögur um að kollvarpa fiskveiðistjórnuninni með

- banni við framsali aflahlutdeilda,
- skerðingu aflahlutdeilda og sölu ríkisins á aflaheimildum,
- einhliða nýtingarleyfum í stað samninga um afnot af aflaheimildum

og fjölmörgum fleiri atriðum.

Endamarkmiðið var sem fyrr að gera aflaheimildinar upptækar.

Miðað við það sem á undan var gengið, kom ekki á óvart að ekkert samráð var haft við gerð frumvarpanna.

Það kom hinsvegar á óvart hversu illa frumvörpin voru unnin miðað við þá útreið sem frumvörp ríkisstjórnarinnar sem lögð voru fyrir Alþingi vorið 2011 fengu.

Áhrif frumvarpanna á fyrirtækin voru ekki metin áður en þau voru afgreidd frá ríkisstjórn og þingflokkum stjórnarflokkanna og lögð fram á Alþingi.

Í hönd fór kunnugleg atburðarás. Við, ásamt fjölmörgum öðrum aðilum, létum meta áhrifin.

Tugir umsagna voru nánast á einn veg. Sú ofurskattlagning sem í frumvarpinu um veiðigjöld fólst myndi hafa mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér, ekki aðeins fyrir sjávarútvegsfyrirtækin heldur samfélagið allt. Sama gildi um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

Boðað skatthlutfall var hærra en nokkurt ímyndunarafl gat fangað.

Sýnt var fram á að í mörgum tilvikum næmi skattlagningin meiru en öllum hagnaði einstakra fyrirtækja.

Aðferðin til að meta hagnaðinn var ófullnægjandi þar sem ekki var tekið nægjanlegt tillit til þess fjármagns sem bundið er í rekstrinum.

Ekkert tillit er tekið til þeirra verðmæta sem liggur í veiðiheimildum fyrirtækjanna við mat á skattstofninum en bókfært virði þeirra er um 200 milljarðar. Það hefur gleymst að forsenda þess árangurs sem íslenskur sjávarútvegur hefur ná er að þeir sem nú stunda útgerð og fiskvinnslu fóru í nauðsynlega hagræðingu með kaupum á aflaheimildum og fækkun skipa og vinnslustöðva.

Gjaldið er lagt á fyrirtækin miðað við metna meðaltalsafkomu sjávarútvegsins í heild þrátt fyrir mjög ólíka stöðu og aðstöðu þeirra.

Miðað er við þorskígildisstuðla þar sem ekkert tillit er tekið til mismunandi kostnaðar við veiðar einstakra tegunda.

EKKI er látið staðar numið við útgerðina heldur er afkoma fiskvinnslunnar einnig skattlögð.

Hámarkinu er svo náð með því að láta þá sem eingöngu stunda útgerð greiða sérstakan skatt vegna afkomu þeirra sem kaupa af þeim fiskinn. Það er eins og að láta Landsvirkjun greiða sérstakan skatt vegna hagnaðar þeirra sem kaupa rafmagn af fyrirtækinu.

Í álitum lögmannna voru leiddar líkur að því að frumvarpið stæðist ekki þær kröfur sem gerðar eru í stjórnarskránni um skattlagningu og sköpuðu ríkinu bótaskyldu.

Ljóst var að fyrirtæki sem eingöngu stunda útgerð færu verst út úr skattlagningunni og að mörg þeirra réðu ekki við hana.

Atvinnuveganefnd Alþingis lét gera úttekt á frumvarpinu og þar bættust mjög alvarlegar athugasemdir við þær umsagnir sem þegar lágu fyrir.

Þó að ákvæðið um lækkun sérstaka veiðigjaldsins vegna vaxtagreiðslna sem kom inn í meðförum þingsins muni tímabundið hafa áhrif hjá þeim sem það nær til þá breytir það ekki heildarniðurstöðunni.

Ítrekuðum óskum útvegsmanna og fjölmargra annarra um að faglega yrði staðið að málum var hafnað og frumvarpið um veiðigjöld var keyrt í gegn á Alþingi með kunnuglegum hótunum um sumarþing. Afgreiðslu frumvarps til laga um stjórn fiskveiða var að stærstum hluta frestað.

Eftir stendur að fjölmörg fyrirtæki munu ekki rísa undir gjaldtökunni og að þau sem lifa verða löskuð. Fjárfesting og þróunarstarf dregst saman, verðmætasköpun minnkar og fyrirtæki sem byggja afkomu og rekstur sinn á starfsemi sjávarútvegsfyrirtækja veikjast. Á endanum minnka skatttekjur ríkisins.

Hér er um sannkallaðan landsbyggðarskatt að ræða þar sem meginstarfsemi sjávarútvegsins er utan höfuðborgarsvæðisins.

Þrátt fyrir það sem við blasir er því enn haldið fram að einungis sé verið að skattleggja svokallaða „auðlindarentu“ eða „umframhagnað“ eftir að ríflega sé búið að taka tillit til þess fjármagns sem bundið er í rekstrinum.

Í stað málefnalegrar umræðu er reynt að grafa undan þeim sem hafa unnið faglegar úttektir á áhrifum laganna.

Því er haldið fram að allt sé í stakasta lagi og að fjárfestingar blómstri.

Í því sambandi hefur reyndar þurft að seilast nokkuð langt til að listinn nái fingrum annarrar handar. Svo langt, að tínt hefur verið til skip sem samið var um smíði á árið 2007 og 10 metra lengingarbútur í togara sem var smíðaður 2008 og hefur beðið ísetningar í fjögur ár.

### **Ágætu fundarmenn.**

Ég hef velt því mikið fyrir mér hvað varð til þess að hugmyndir stjórnarliða um veiðigjöld tóku stökkbreytingum á fáum mánuðum.

Hvað olli sinnaskiptum hjá atvinnuvegaráðherra sem lýsti afleiðingum of hás veiðigjalds í 10 liðum þegar hann var formaður sjávarútvegsnefndar Alþingis.

Þá var honum það ljóst að „það verða ekki til nein ný verðmæti með álagningu veiðigjalds“ og að það yrði „áfall fyrir landsbyggðina í margföldum skilningi“.

Veturinn 2009 lýsti atvinnuvegaráðherra því yfir á fundi með okkur útvegsmönnum að ef hann fengi einhverju ráðið eftir kosningarnar yrði veiðigjaldið ekki hækkað.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar vorið 2011 var miðað við að tvöfalda veiðigjaldið og þótti flestum nóg um. Við framlagningu fjárlagafrumvarpsins haustið 2011 var miðað við þreföldun. Niðurstaðan vorið 2012 er fimmföldun.

Reikna má með því að veiðigjöld fiskveiðiársins 2012/2013 verði á milli 14 og 15 milljarðar.

Ef löggin hefðu verið að fullu komin til framkvæmda hefði það numið yfir 20 milljörðum samkvæmt gögnum stjórnvalda, þannig að við sjáum í hvað stefnir.

Á fundinum verður nánar gerð grein fyrir áhrifum og afleiðingum laganna.

### **Góðir fundarmenn**

Útgerðin og sjómenn deila kjörum í hlutaskiptakerfi. Ljóst er að hlutaskiptakerfið getur ekki staðið óbreytt með þessari skattlagningu. Verði henni ekki breytt stefnir í átök á vinnumarkaði með tilheyrandi afleiðingum og tjóni.

Stjórnvöld halda því fram að skattlagningin muni ekki hafa áhrif á launakjör sjómanna. Hvernig má það vera, að ef ríkið tekur 10-20% af tekjunum sé útgerðum ætlað að greiða um 40% í laun og launatengd gjöld af þeim fjármunum sem fyrirtækin hafa ekki.

### **Góðir fundarmenn.**

Við stöndum frammi fyrir erfiðum ákvörðunum.

Í rúm 50 ár hefur það fyrirtæki sem ég er í forsvari fyrir staðið vel. Það veiðigjald sem okkur er gert að greiða mun gerbreyta stöðu fyrirtækisins og þar með stöðu samfélagsins sem við búum í. Sama gildir um fjölmörg önnur fyrirtæki og byggðarlög í svipaðri stöðu. Þessi aðgerð mun óhjákvæmilega leiða til enn frekari samþjöppunar og fækkunar fyrirtækja.

Við skorumst ekki undan því að greiða skatta og skyldur til samfélagsins og þar með talið veiðigjald sem raskar ekki rekstrargrundvelli fyrirtækjanna.

Ég skora á atvinnuvegaráðherra og alla þingmenn sem láta sig atvinnumál varða, að hlusta á þau rök sem fram hafa verið færð og beita sér fyrir endurskoðun laganna um veiðigjöld til að forða því tjóni sem við blasir.

Ég vil að lokum þakka þeim fjölmörgu aðilum sem hafa stutt okkur dyggilega í þeirri baráttu sem við höfum háð undanfarin ár. Þá þakka ég útvegsmönnum og meðstjórnarmönnum mínum fyrir ánægjulegt samstarf og starfsfólki LÍÚ fyrir vel unnin störf.

**Að svo mæltu segi ég 73. aðalfund LÍÚ settan.**